

Katrín Jakobsdóttir,  
menntamálaráðherra

Það er mér sérstakt þakkarefni hve þú brást vel og fljótt við beiðni, Lúðvíks, um fund varðandi framhaldsskóla í Grindavík.

Samtímis fagna ég þeirri niðurstöðu fundarins að hið fyrsta verði skipuð nefnd til að vinna að framgangi þessa máls, enda er nauðsynlegt að það starf verði unnið fljótt, svo að kennsla geti hafist í haust, en það er eindreginn vilji heimamanna.

Ég tel mjög æskilegt að vanir skólamenn verði valdir til setu í þessari nefnd og leyfi mér í því sambandi að benda á Sölva Sveinsson sem ég treysti mjög vel eftir nán kynni og farsælt samstarf okkar í m0rg ár. Nefndin myndi þar njóta reynslu skólamanns sem stýrt hefur stórum framhaldsskólum og er frumkvöðull um fjarnám á Íslandi.

Ég skynjaði vel efasemdir varðandi einkarekstur almennt. Ég vil ítreka að það er ekki aðalatriðið í mínum huga. Hugmynd okkar hefur ávallt verið að skólinn sé í meirihlutaeigu (allt að 90%) bæjarins, þannig að skólinn sé rekinn af opinberum aðila. Bærinn gerði þjónustusamning við menntamálaráðuneytið um rekstur hans og það geti gefið aukin tækifæri til samstarfs á sviði menningar- og félagsmála, tengsla við atvinnulífið, samstarf við önnur skólastig o.fl..

Flestir framhaldsskólar eru í opinberum rekstri víða um land án beinna afskipta eða áhrifa íbúanna. Með aðkomu sveitarfélagsins trúi ég að komi í ljós hversu mikils virði er að færa skólann nær íbúunum. Með því má ætla að margt breytist verulega og þá vakni áhugi og samhugur margra aðila um hag og gengi skólastarfsins.

Bygging mennta- og menningarhúss mun skapa mörgum atvinnu á okkar erfiðu tímum. Það mun spara ríkinu umtalsverð útgjöld vegna atvinnuleysisbóta og skapa því tekjur í formi margvíslegra skatta. Ég tel því rétt að litið sé heilstætt á þetta mál. Auk þess lít ég svo á að peningar séu ekki allt, heldur beri að líta á hag og íbúanna og bæjarfélagsins í heild. Við verðum að halda áfram að lifa í þessu landi.

Mennta- og menningarhús í Grindavík á að nýta á víðtækan hátt í þágu félags- og menningarlífs innan sveitarfélagsins. Við sjáum þess víða dæmi að húsnaði er miðað við þessar þarfir og starfsemin tengist verkefnum íþróttafélaga, skáta, eldri borgara ásamt því starfi sem unnið er á sviði tónlistaar, leiklistar og annarra listgreina. Ég sé fyrir mér að ýmsir þættir úr félags- og menningarlífi skólans verði almenningi opin og þannig sjálfsagður þáttur í lífi þeirra að sækja og njóta slíkra atburða. Í því sambandi sé ég gullið tækifæri til að efla samskipti og samvinnu skóla og heimila og þannig eyða tortryggni þeirri og fjarlægð sem stundum virðist vera á milli þessara aðila.

Það er von mín að nefnd sú sem ákveðið er að setja á laggirnar hefji störf sem allra fyrst. Það er sannfæring mín að ef folk kemur jákvætt að þessu verkefni, muni ríkisvaldið og bæjaryfirvöld finna farsæla lausn á skólastarfi og rekstri skólans yfirleitt.

Eyjólfur Bragason,  
Netfang: [eyjolfurre@simnet.is](mailto:eyjolfurre@simnet.is)  
Gsm. 898 03 03